

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1255/2016, um ráðstöfunarfé og dagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Í stað "3.879 kr." í 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 4.057 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað "958.308 kr." í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 1.002.396 kr.

b. Í stað "1.474.320 kr." í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 1.542.148 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1338/2020, um breytingu á reglugerð nr. 1255/2016, um ráðstöfunarfé og dagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.